



Hjálparsveitin Dalbjörg

Útg. og ábm.: Hjálparsveitin Dalbjörg 1. tbl. 21 árg. Desember 2022



Gleðilegt ár!

Gleðilega hátíð

*Eyjafjarðarsveit óskar íbúum sínum
og landsmönnum öllum gleðilegna
jóla og farsældar á nýju ári*



EYJAFJARÐARSVEIT

Sveitarstjórapistill

Það hvein í brúnni yfir ólgandi ána þar sem unglingisdrengur braust í gegnum snjóstorminn, veðurbarinn eftir átök undanfarinna klukkustunda. Hann var rétt við afleggjarann heim og sá hlýja dúnsængina í hillinum þegar hann sá glitta í ljóstýru nokkru framan við sig. Hann barðist því áfram meðfram þjóðveginum í gegnum skafla, mót öskrandi skafrenningi. Fólkíð í bílnum var skelfingu lostið þegar unglingurinn birtist allt í einu út úr hvítu kófinu eins og skuggavera úr álfasögu. Hann barði á glugga þeirra, fjölskyldan hafði verið þarna föst á aðra klukkustund með ungabarn í bið eftir björgun.

Björgin hafði loks borist og voru þau beðin að hinkra örlítið, unglingurinn skildi sækja tæki og tól til að koma þeim í öruggt skjól.

Þegar unglingurinn hvarf aftur inn í kófið var hann feginn að hafa fundið fjölskylduna sem leitað hafði verið að þessa nótt. Hann barðist aftur gegnum storminn, braust inn um dyrnar heima hjá sér og sótti lykla að skemmunni hans afa. Þó skyggnið væri slæmt þá var ekki jafn átakamið að þrúma gegnum storminn á hjólaskóflunni eins og verið hafði á tveimur jafnfljótum. Unglingurinn renndi upp að fjölskyldunni og mokaði frá bílnum, því næst hreinsaði hann leiðina á undan



Finnur Yngvi Kristinsson, sveitarstjóri.

þeim með hjólaskóflunni, allt til byggða þar sem skyggni var skaplegra og fjölskyldan yrði örugg.

Unglingurinn fór að sofa með stærðar bros á vör þessa nótt með minningu sem lifað hefur með honum allar götur síðan.


Þetta er ein af sterkustu minningum mínum sem ungliða í Björgunarsveitinni Kyndli í Mosfellsbæ. Sú þjálfun sem maður hlaut þar í unglingadeildinni og síðar í björgunarsveitinni hefur veitt manni ótrúlega góðan undirbúning fyrir þau fjölbreyttu verkefni sem lífið færir manni á degi hverjum. Það eru til margar sambærilegar sögur af björgunarsveitarfólki, fólki sem kynnist ýmsum krefjandi en gefandi aðstæðum hvort sem er á uppvaxtarárum sínum

eða síðar á lífsleiðinni. Reynsla sem fylgir þeim allt í gegnum lífið.

Við lifum öll við þann munað að geta treyst á sjálfboðaliða björgunarsveitanna ef við lendum í háska af hvers kyns tagi. Fólk sem gefur sig af lífi og sál til að geta stutt við og veitt einstaklingum í neyð hjálp á ögurstundu. Fólk sem af miklum metnaði stundar æfingar og gefur ómældan tíma sinn til að vera vel undirbúið þegar kallið kemur, þegar það þarf að hjálpa mér eða þér.

Með þökk til Dalbjargar, fólksins sem stendur vaktina fyrir mig og þig,

Finnur Yngvi Kristinsson,
Sveitarstjóri


VOK
baths



SAMHERJI HF
ICE FRESH SEAFOOD

Unglingadeildin Bangsar

2022-2023

Unglingadeildin Bangsar var stofnuð árið 2005 og hefur hún verið starfrækt síðan þá að undanskildu árinu 2021. Megintilgangur starfseminnar er að vekja áhuga unglunga á björgunarsveitarstörfum og kynna sem flesta þætti starfsins fyrir þeim sem og að hafa gaman.

Á haustfundi Dalbjargar árið 2022 var unglingadeildin Bangsar endurvakin og tóku nokkrir aðilar að sér að sjá um unglingadeildina þetta árið en það eru þau Anna Hlín Guðmundsdóttir, Erla Katrín Orradóttir, Guðrún

Jóna Stefánsdóttir, Heiðmar Örn Sigmarsson, Jóhann Ben Jóhannsson, Sigríður Inga Rúnarsdóttir og Tryggvi Geir Ingvarsson.

Þann 7. september fóru nokkrir umsjónarmenn Bangsa og heimsóttu krakka í 9. - 10. bekk í Hrafnagilsskóla og kynntu fyrir þeim unglingastarfið og björgunarsveitina sjálfa. Vanalega hefur 10. bekk aðeins verið boðið að koma í unglingadeildina en þar sem fáir einstaklingar eru í þeim bekk var ákveðið að bjóða 9. bekk að slást í hópinn þetta árið. Mikill áhugi er hjá krökkunum og skráðir eru um

20 einstaklingar í unglingadeildina í vetur. Markmiðið er að halda fundi fyrir þau á tveggja vikna fresti og samverustundirnar verða bæði í Dalborg og á öðrum stöðum.

Fyrsti fundur var þann 12. september og þar var farið yfir dagskrá vetrarins, umsjónarmenn kynntu sig, farið var í nafnaleik og fleiri leiki til þess að kynna betur. Nokkrir fundir hafa verið síðan þá en meðal annars hefur verið farið í hjólastólakeppni, kassaklifur og lögreglustöðin á Akureyri heimsótt þar sem krakkarnir fengu kynningu á starfinu. Í nóvember var krökkunum



Allir hjálpast að við að pakka inn "sjúklingi".

sýndur búnaður tengdur snjóflóðum og þeim kennt á snjóflóðayla og hvernig skal nota snjóflóðastangir við leit. Þá fengum við hann Kristján Hermann (Bubba) til liðs við okkur. Það er líka margt um að vera hjá okkur á næstunni. Við ætlum að fara yfir búnað með krökkunum, kenna þeim að binda hnúta, flutning á börum, taka blóðþrýsting, súrefnismettun og margt fleira sem tengist því að vera í björgunarsveit. Síðasti fundurinn fyrir jól var í lok nóvember þar sem við sýndum þeim

ofan í fyrstu hjálpar tösku, hvernig á að flytja sjúkling á börum og enduðum á heitu kakói og piparkökum.

Eftir áramót munum við halda snjóflóðæfingu (ef snjóalög leyfa) og láta þau aðeins upplifa hvernig er að vera í útkalli. Einnig ætlum við að heimsækja unglingadeildina á Dalvík og fá að kynnast starfi þeirra. Eitt kvöld verður tekið í að fara yfir tæki Dalbjargar og í mars/apríl ætlum við að gera okkur ferð upp í Réttartorfu á bílum sveitarinnar og gista þar eina nótt. Þar verður líklega margt skemmtilegt brallað ásamt því að borða góðan mat.

Krakkrnir eru virkilega skemmtilegir og efnilegir þennan veturinn og erum við umsjónarfólk unglingadeildar Bangsa spennt að miðla okkar þekkingu og fleiru í sveitinni til krakkanna.

*Bestu jólakveðjur,
Sigríður Inga Rúnarsdóttir*



Lögreglan sýnir unglingunum bílana.



Tryggvi aðstoðar unglinga við kassaklifur.



Bústólpi

HJARTAÐ Í ÍSLENSKUM LANDBÚNAÐI



BBYGGINGAR

Tæki & Tól

Nýr fólksflutningabíll

Sveitin hefur fest kaup á nýjum mannskapsbíl af gerðinni Volkswagen Caravelle 2013 árgerð.



Bíllinn nýkominn og þess vegna ómerktur.

Endurnýjun vélsleða

Vélsleðarnir voru endurnýjaðir, tveimur Polaris Assault Switchback 850 frá 2019 var skipt út fyrir tvo Polaris Assault Switchback 850, 2022 árgerð.



Nýju sleðarnir komnir með merkingar.



Dalbjörg 1 og 2 í æfingaferð.



Súlumenn til vinstri við sinn snjóbil og Bubbi til hægri við snjóbil Dalbjargar, Dalbjörg 5. Mynd tekin í dagsferð uppi á Súlumýrum.



Dalbjörg 4 eftir útkall á Eyjafjarðardal.



Dalbjörg 2 gullfallegur!



Dalbjörg 2 á leið yfir á.



Dalbjörg 1 í smá brasi.



Bjuggum til dropa kringum stein, til þess að fá spilfestu í Kerhólsöxlinni.

Tækjamót Landsbjargar 2022

Árlegt tækjamót Landsbjargar var haldið á Kili í mars síðastliðnum. Félagar Dalbjargar fóru á tveimur bílum sveitarinnar og einum einkabíl en alls fóru 11 manns frá sveitinni á mótið. Tækjamótið var skemmtilegt og eiga skipuleggjendur heiður skilinn fyrir gott mót.

Þann 18. til 20. mars 2022 var tækjamót Slysavarnafélagsins Landsbjargar haldið á Kili. Lagt var af stað seinni part föstudags frá Akureyri ásamt félögum úr björgunarsveitunum Súlum, Pingey og Hjálparsveit Skáta Reykjadal. Keyrt var upp að Blönduvirkjun og áleiðis að Dúfunefselli en við rætur þess var Dalbjörg 1, Toyota Land Cruiser, skilinn eftir vegna bilunar. Þeir sem voru í honum dreifðu sér í bíla hjá ferðafélögum okkar og héldum við svo til Hveravalla og komum seint og síðar meir í Gíslaskála, þar sem við gistum ásamt ferðafélögum okkar og fleira björgunarsveitarfólki.

Á laugardagsmorgni var ferðinni heitið að Kerlingarfjöllum þar sem komu saman snjóbílar, jeppar og vélsleðar. Þaðan var keyrt aftur í Hveravelli en þar kvöddu nokkrar sveitir sem héldu heim og þökkuðu fyrir flott tækjamót. Veðrið lék ekki við okkur þann daginn þar sem rigningin lét heldur betur sjá sig. Dalbjargarfólk hélt aftur í Gíslaskála þar sem útbúinn var sameiginlegur kvöldmat, lambalæri og tilheyrandi. Allir hjálpuðust að, ýmist við að grilla, gera sósu eða við uppvask. Eftir að hafa snætt dýrindis kvöldmat tók við róleg kvöldstund þar sem við spiluðum og spjölluðum við félaga okkar í Súlum, Pingey og Hjálparsveit Skáta í Reykjadal.

Á sunnudeginum var skálinn þrífinn, jepparnir lestaðir og haldið heim á leið. Viðraði vel til heimferðar en þó var allt frekar blautt eftir vatnsveður laugardagsins og voru bílarnir svolítið að festast í krpa. Ákveðið var að keyra yfir Dúfunefsellið, þegar komið var yfir fellið þurfti að hefja viðgerðir á Dalbjörg 1 til þess að hægt væri að koma honum heim. Þegar búið var að laga „Cruiserinn“ þannig að hann væri orðinn ökufær var ferðinni haldið áfram. Við keyrðum að Kolkustíflu og um klukkan 20 vorum við kominn í hús. Við kvöddum ferðafélaga okkar þegar við komum til Akureyrar og þökkuðum þeim fyrir skemmtilega ferð.

Erla Katrín Orradóttir



Smá krpa á tækjamóti.



Bílar á leið heim af tækjamóti.



Tryggvi Geir, Elías Bessi og Jóhann Ben sáttnir á tækjamótinu.



Allir hjálpast að.



Bílarnir á tækjamótinu.

Molar og myndir

Námskeið

Til þess að geta farið í útköll þarf að klára allskyns námskeið.

Einnig eru nokkur námskeið í boði sem fjarnámskeið sem meðlimir sveitarinnar hafa nýtt sér í ár. Sem dæmi má nefna námskeiðin Fjarskipti, Björgunarmaður í aðgerðum, Öryggi við sjó og vötn og Aðgerðagrunnur.


Fjallað verður nánar um þau helgar-námskeið sem meðlimir sveitarinnar sóttu á liðnu ári.

Fjallamennska 1 (25.-27. mars)

Fimm félagar úr Dalbjörg fóru á námskeiðið *Fjallamennska 1* helgina 25. - 27. mars. Námskeiðið var haldið á Grenivík en æfingar voru teknar í húsnæði Súlna, björgunarsveitarinnar á Akureyri, í Vaðlaheiðinni og í Munkaþverárgilinu í Eyjafjarðarsveit.



Æfingar á fjallamennsku námskeiðinu.



Heiðmar Örn við æfingar í Súluhúsinu.



Jóhann Ben að síga í Munkaþverárgilinu.

Fjallabjörgun (23. - 25 september)

Fjórir vaskir félagar héldu á námskeiðið *Fjallabjörgun* sem var haldið hjá Björgunarsveitinni Súlum. Farið var yfir brattlendisbjörgun, hvernig skal tryggja björgunarmenn og börur í brattlendi og hvernig er best að setja upp kerfi.



Tryggvi hefur það notalegt meðan hann leikur sjúkling á fjallabjörgunar námskeiði.



Allt gert klárt fyrir fjallabjörgun.

Fyrsta hjálp 2 (11.-13. nóvember)

Námskeiðið *Fyrsta hjálp 2* var haldið í Stórutjarnaskóla helgina 11. - 13. nóvember. Á námskeiðið fóru þrír meðlimir Dalbjargar. Farið var meðal annars yfir flutning sjúklinga, bráðaflokkun og sálrænan stuðning.



Flutningur slasaðra æfður á fyrstu hjálpar námskeiði.

Æfingar

Í vetur fóru þrír félagar í æfingaferð á sleðunum. Farið var upp Kaldbaksdal í Laugafell og gist þar. Svo var farið að Hitulaug, upp á Trölladyngju, komið við í Kistufelli og Gæsavötnum, upp á Tungnafellsjökul og Fjórðungsöldu og þaðan aftur í Laugafell og niður Kaldbaksdal. Frábær ferð í alla staði.



Bubbi horfir til veðurs.



Hlynur, Kristján og Elmar á góðri stundu.



Kristján og Hlynur velja nýju sleðunum fyrir sér.

Viðburðir

Sumardagurinn fyrsti er haldinn hátíðlegur á Melgerðismelum og tók Hjálparsveitin Dalbjörg þátt í dagskránni. Dalbjargarfolk var með sleðana og tvo af bílum sveitarinnar til sýnis. Með þessum hætti fær almenningur betri tilfinningu fyrir því hvað felst í björgunarsveitarstörfum.

Föstudaginn langa, þann 15. apríl 2022, bauð Hjálparsveitin Dalbjörg gestum að koma í heimsókn. Eins og undanfarin ár var gengið frá húsi sveitarinnar, Dalborg og eftir útivistarstígunum fína. Ýmsar vegalengdir voru í boði, frá 2,5 km upp í 12 km. Vonandi fundu allir eitthvað við sitt hæfi. Að göngu lokinni var boðið upp á stórglæsilegt vöfflukaffi.

Fjáraflanir

Við tókum þátt í gæslu fyrir tjaldsvæðið í Hrafnagilshverfi á meðan á bíladögum stóð.

Árleg sala neyðarkallsins fór fram snemma í nóvember þar sem félagar fóru í öll hús hér í Eyjafjarðarsveit og seldu rafhlöður, reykskynjara og að sjálfstöðu neyðarkallinn sjálfan.

Porvaldsdalsskokkið er elsta óbyggðahlaup á Íslandi. Ungmennasamband Eyjafjarðar (UMSE) heldur hlaupið í samstarfi við Landvætti FÍ ár hvert og undanfarin ár hefur Dalbjörg tekið þátt í gæslu og gengið úr skugga um að enginn verði eftir inni á dal ásamt sjálfboðaliðum frá UMSE. Félagar hafa séð um drykkjarstöðvar og verið til taks


ef eitthvað kemur upp á. Um fimm manns hafa farið frá okkur síðustu ár.

Fundir & vikulegir hittingar

Aðalfundur Hjálparsveitarinnar Dalbjargar var haldinn 1. maí á Brúnir Horse. Á fundinum var farið yfir venjuleg aðalfundarstörf, s.s. skýrslu stjórnar, skoðun reikninga, framboð til stjórnar, fullgilda félaga frá síðasta aðalfundi og nýliða ásamt fleiru. Ragnar Jónsson var fundarstjóri og Bjarney Guðbjörnsdóttir fundarritari. Á fundinum var kosið í nýja stjórn, eftirfarandi aðilar hafa setið í stjórn á þessu ári: Kristján Hermann Tryggvason (formaður), Víðir Sveinn Ágústsson (varaformaður), Jóhannes Jakobsson (gjaldkeri), Hreiðar Fannar Víðisson (ritari) og Elmar Sigurgeirsson



Dalbjörg 2&4 til sýnis á Melgerðismelum.



Norðurljósín skörtuðu sínu fegursta þegar félagar Dalbjargar gengu um bakka Eyjafjarðarár.

(meðstjórnandi). Til vara eru Gyða Sjöfn Njálsdóttir og Bjarki Búi Ómarsson.

Almennir fundir voru haldnir mánaðarlega. Þar er farið yfir liðna atburði, verkefni framundan og námskeið svo eitthvað sé nefnt. Félagar Hjálparsveitarinnar Dalbjargar reyna einnig að hittast vikulega og brasa eitthvað saman. Oft eru teknar æfingar til dæmis í spottavinnu, klifri og leit.

Félagar Dalbjargar hittust nýverið og gengu bakka Eyjafjarðarár í sérstaklega fallegu veðri þar sem norðurljósín dönsuðu á stjörnuþjörtum himni.

Einnig voru þó nokkur vinnukvöld þar sem meðal annars var farið yfir búnað, bílar þrífir, tekið til í húsinu og heimilisverkum sinnt.

Molar frá 2021

Nýjasta áskorun okkar, erlendir ferðamenn á rafmagnsbílum í vatni.

Í febrúar 2021 skipulögðu Ólafur Ingi Sigurðsson og Bjarki Jóhannsson æfingu fyrir nýliða sem og prautreynda. Farið var upp í Reykargil og lögð var áhersla á að æfa björgun úr snjóflóði, fjallabjörgun og fjarskipti.



Batterísbíl í Hagakvísl við Tómasarhaga.



Leitað með snjóflóðastöngum.



Mokað eftir leit með snjóflóðayla og snjóflóðastangir.

Haustferð Dalbjargar



Mynd af hópnum, vantar: Jóhann Ben.

Föstudaginn 30. september kl 18:00 héldu níu manns af stað í hina árlegu haustferð Dalbjargar. Farið var á premur bílum, tveimur jeppum sveitarinnar og einum einkabíl.

Ferðinni var heitið inn Bárðardal, eftir Skjálfafljóti og í Réttartorfu. Eftir rúma tvo tíma og smá bras var lagt við Réttartorfu. Hafist var handa við eldamennsku og að sjálfsögðu var það lambalæri sem varð fyrir valinu. Eftir

matinn var svo spjallað, spilað og haft gaman fram eftir kvöldi.

Á laugardagsmorguninn var haldið í norður, yfir Suðurá og í Svartárkot og þaðan svokallaða Vatnaleið að Sellandafjalli. Við Sellandafjall stendur gamall flugvöllur, þar var tekin nestispása og gamla flugskýlið skoðað. Eftir að hópurinn hafði snætt nestið var haldið áfram að Heilagsdal, þar virtum við fyrir okkur Heilagsdalsskála áður en

áfram var haldið. Næst var stoppað við Seljahjallagil, þar skoðuðum við okkur um í roki og rigningu. Frá Seljahjallagili keyrðum við Drumbaleið niður að Námaskarði. Um kvöldmatarleytið renndum við svo í hlað við Dalborg. Frábær ferð í alla staði með góðum hópi og smá brasi.

Tryggvi Geir Ingvarsson



Flugskýlið skoðað.



Alltaf smá bras.

Tækjamót fyrir 20 árum



Bubbi (Kristján) og Viðir skemmta sér á tækjamóti fyrir 20 árum.

Árið 2002 var komin á hefð um að Slysavarnafélagið Landsbjörg héldi Tækjamót þar sem björgunarsveitir landsins hittust með tækin sín og létu á þau reyna saman. Haldin höfðu verið mót í Nýjadal og á Grímsfjalli árin áður. Þetta ár hugðust samtökin hins vegar ekki halda mótið og upplýstu Elmar Sigurgeirsson, formann Dalbjargar, um það þegar hann hafði samband vegna málsins. Hins vegar upplýstu samtökin einnig um það að Björgunarsveitin Blanda

hefði einnig sýnt þessu áhuga. Elmar heyrði þá í Zophoníasi Ara Lárussyni, félagi í Blöndu og ákváðu þeir að sveitirnar stæðu saman að mótinu – Hjálparsveitin Dalbjörg og Björgunarsveitin Blanda. Áður höfum við fjallað um þetta Tækjamót í blaðinu okkar frá árinu 2002, þar sem Ingvar Pröstur sagði frá ferðum jeppahóps Dalbjargar á mótinu.

Ákveðið var að gera þetta Tækjamót út frá Kili. Þar myndu tækjahópar

hittast á laugardeginum 23. mars 2002 og ferðast fyrirfram skipulagðar leiðir sem stýrt yrði af hópstjórum frá skipulagssveitunum. Alls fóru 23 félagar frá Dalbjörg á níu jeppum og tveimur vélsleðum. Á mótinu í heild voru um 150 manns og 70 tæki, alls staðar að af landinu. Gististaðir voru Ströngukvíslarskáli, Galtará, Áfangi og Hveravellir sem voru teknir frá sérstaklega fyrir mótið. Í þessa skála komu sveitirnar sér á fimmtudegi eða föstudegi og hittust svo hóparnir í





Arnarbæli, sem er slysavarnarskýli á Kili, á laugardagsmorgni.

Sleðamenn frá Dalbjörg á Tækjamótinu voru tveir, undirritaður og Stefán Elfar Garðarsson og ferðuðust þeir á sleðum af tegundinni Yamaha Ventura 700, árgerð 2000 – stórir ferðasleðar sem voru mikið nýttir af sleðahópi. Fatnaður sleðamanna Dalbjargar voru nýir heilgallar Slysavarnafélagsins Landsbjargar frá 66°N. Gallarnir voru með loðkraga og þóttu rosalega flottir. Voru Dalbjargarmenn einir af fáum sem voru í þessum göllum í ferðinni.

Ferð þeirra í Laugafell gekk ekki áfallalaust fyrir sig á fimmtudeginum þar sem stífur brotnuðu í búkkanum á öðrum sleðanum. Stefán beið í Laugafelli á meðan Elmar snéri við og ók niður Kerhólsöxlinu að Eyvindarstöðum í Eyjafjarðarsveit, þar sem sleðabíllinn

var geymdur. Hann ók með brotnu stífunar að Hríshóli þar sem Sigurgeir Hreinsson beið og sá um að sjóða í þær í skemmum á meðan Elmar ók til Akureyrar þar sem Pétur Róbert heitinn var búinn að taka stífur úr nýjum sleðum í sýningarsal Hölds á Akureyri til að afhenda sleðamönnum. Elmar ók svo til baka að Stíflubré við Hríshól, þar sem Sigurgeir beið með nýsoðnar stífur – sem áttu að vera til vara ef fleiri skyldu brotna – og því næst á sleðanum upp í Laugafell. Að öllum líkindum verður tímametið seint slegið en þetta tók hann um tvær klukkustundir. Gert var við hinn bilaða sleða í Laugafelli svo hann var tilbúinn í slaginn á föstudeginum. Á föstudeginum var ekið úr Laugafelli að Ingólfsskála, síðan í Hveravelli og gist í Galtará með jeppahópi Dalbjargar á föstudagskvöldinu.

Á laugardegnum hittust ferðahóparnir við Arnarbæli og sleðahópurinn hélt af stað ákveðna leið norðan Langjökuls. Veður var ekki sem best og því var leiðin ekki löng. Allir hópar komu síðan saman í Áfanga eftir akstur dagsins, þar sem haldin var grillveisla fyrir hópinn í umsjón Blöndu. Þar kvöddust hópar síðan aftur og héldu heim á leið á laugardagskvöldinu. Báðir hópar Dalbjargar héldu í Laugafell þar sem gist var um nóttina. Þá hafði veðrið tekið stakkaskiptum þar sem kyrrt var og stjörnuþjart um kvöldið. Raunar var svo mikið logn að þegar sleðamenn óku framhjá Ströngukvíslarskála gátu þeir auðveldlega kveikt á kveikjara utandyra.

Lok ferðar voru í Bangsabúð að kvöldi sunnudagsins 24. mars.

Elmar Sigurgeirsson



Flugeldamarkaður í Hrafnagilsskóla



AFGREIÐSLUTÍMAR:

28. DESEMBER KL 13-22

29. DESEMBER KL 10-22

30. DESEMBER KL 10-22


31. DESEMBER KL 9-16

5. JANÚAR KL 19-21

Flugeldasími: 863-1271



Hjálparsveitin Dalbjörg



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Útköll og aðstoðarbeiðnir

3.-5. febrúar

Pann 3. febrúar var Hjálparsveitin Dalbjörg beðin um að aðstoða við leit vegna flugvélar sem talið var að hefði brotlent nálægt Þingvallavatni. Þrír félagar fóru suður á Dalbjörg 1 og aðstoðuðu við leitina þessa daga.

25. febrúar

Þrír félagar og Dalbjörg 1 veittu fólki aðstoð við að losa bílana sína sem fastir voru vegna ófærðar við þverá þann 25. febrúar.



Dalbjörg 1 við Þingvallavatn.



Jóhannes Jakobsson við leit hjá Þingvallavatni.

7. mars

Pann 7. mars barst Dalbjörg útkall vegna snjóflóðs sem hafði fallið í Svarfaðardal, nálægt bænum Skeiði. Átta félagar fóru á staðinn og einn sat í svæðisstjórn. Erlendir fjallaskiðamenn höfðu lent í snjóflóðinu.

14. mars

Dalbjörg var beðin um að aðstoða sveitunga þegar hundagirðing var við það að fjúka í sveitinni. Þrír meðlimir fóru og löguðu girðinguna.

16. mars

Þrír félagar fóru á Dalbjörg 4 með sleðana í útkall í Ólafsfjörð. Leitað var að manni á fjallaskiðum sem féll í brattlendi fyrir ofan Vermundarstaði í Ólafsfirði og slasaðist illa. Hann var fluttur með þyrlu á Landspítalann.

12. júní

Aðstoðarbeiðni, naut á flandri í sveitinni.

23. júlí

Útkall barst 23. júlí vegna flugvélar sem nauðlenti á Nýjabæjarfjalli. Okkar fólk var komið upp á Öxnadalshéiði og stóð til að reyna að komast til þeirra gangandi úr nokkrum áttum. Áður en við komumst alla leið var þyrlan komin með mennina um borð, heila á húfi og allar bjargir afturkallaðar. Betur fór en á horfðist því það er ekkert grín að lenda á Nýjabæjarfjalli, það er langt úr alfaraleið og stórgrýtt.

28. júlí

Útkall, leit að þýskum göngumanni út á Flateyjarskaga. Farið var á Dalbjörg 1 og leitað á svæði í kringum Knarrarholt. Þaðan var farið út á Landsenda þar sem gengið var út að Bjarnarskriðu þar sem maðurinn fannst látinn.



Bubbi og Jonni á Flateyjarskaga.



Ólafur Ingi og Bubbi við leit á Flateyjarskaga.

3. september

Dalbjörg var beðin um að ferja húsbíl frá Smámunasafrninu niður á Sjúkrahúsið á Akureyri vegna skyndilegra veikinda eiganda bílsins.

11. september

Dalbjörg barst útkall vegna bíls sem sat fastur á Dragaleið við Galtarból í sandbleytu til hliðar við veginn. Í leiðinni var hert upp á hjólalegum hjá þýsku pari sem statt var uppi í Laugafelli.



Ferðamenn aðstoðaðir.

16. september

Þann 16. september sat annar bíll fastur á Dragaleið við Galtarból. Girtum til hliðar við pollinn svo bílar færu síður til hliðar við veginn vegna sandbleytu.

28. september

Dalbjörg barst útkall klukkan 00:36 þann 28. september vegna manns sem var týndur. Sex félagar fóru á tveimur bílum og leituðu að manningum í grennd við Engimýri í Öxnadal um nóttina og fannst maðurinn heill á húfi morguninn eftir.



Bubbi aðstoðar erlenda ferðamenn.

Flugslysaæfing

Á flestum flugvöllum landsins eru reglulega flugslysaæfingar til þess að æfa samstarf viðbragðsaðila, flugslysaáætlun vallarins sem og þær áskoranir sem felast í því að vinna á stórum og flóknum vettvangi með mörgum slösuðum einstaklingum.

Í október var haldin stór flugslysaæfing á Akureyrarflugvelli. Æfingin var haldin á vegum Isavia og viðbúnaður allra viðbragðsaðila í flugslysaáætlun landshlutans æfður. Á æfingunni var líkt eftir að farþegaflugvél hafi bilað og rekist í aðra vél á flugbrautinni þegar hún kom inn til lendarar.

Aðstæður voru eins raunverulegar og kostur er á þar sem æfa þurfti björgunaraðgerðir, bráðaflokkun og flutning slasaðra af vettvangi sem og slökkvistarf. Í æfingunni tóku um 250 fulltrúar þátt frá lögreglu, björgunarsveitum, almannavörnum, Rauða krossinum, Landhelgisgæslunni, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Einnig var fjöldi leikara í hlutverki slasaðra farþega og áhafna.

Á æfinguna fór hópur frá Hjálpar-sveitinni Dalbjörg. Dagurinn hófst í húsnæði Súlna að Hjalteyrargötu 12. Tveir félagar voru í svæðisstjórn, þau Gyða Sjöfn Njálsdóttir og Jóhannes Jakobsson og fimm tóku þátt í björgunaraðgerðum á flugvöllum; Anna Hlín, Kristján Hermann (Bubbi), Ólafur Ingi, Snædís Lind og Tryggvi Geir. Verkefnin voru fjölbreytt en þegar hópurinn mætti á staðinn var búið að bráðaflokka sjúklinga. Þar sem ljóst var að talsverðan tíma tæki að flytja svo marga af vettvangi var byrjað á að koma teppum til slasaðra og þau verst stöddu búnin til flutnings hið fyrsta.



Allt á fullu á flugslysaæfingunni.



Söfnunarsvæði slasaðra.



Björgun úr "flugvélarbraki".



Horft yfir svæðið.

Bubbi varð eftir í bílnum okkar Dalbjörg 1 til að vera til taks í að flytja slasaða af vettvangi. Restin af hópnum tók þá til við að flytja slasaða að farartækjum til flutnings að flugstöðinni.

Hluti hópsins fékk verkefni við lítið flugvélarflak þar sem skriða þurfti inn, losa slasaða og koma þeim út á meðan einhverjir dvöldu hjá slösuðum sem voru fastir undir flaki. Björgunarfólk tók reglulega lífsmörk þar til flakinu var lyft af þeim. Um tvo tíma tók að losa alla úr “brakinu” og flytja á söfnunarsvæði slasaðra í flugstöðinni. Þar tóku aðrir við sem framkvæmdu líkamsskoðun, flokkuðu og ákváðu flutning eftir alvarleika áverka. Öll verkefni höfðu verið leyst um tveimur og hálfri klukkustund eftir að æfingin hófst.



Keyrt um og slasaðir sóttir.



Farþegum náð úr lítilli flugvél.

Æfingin var skemmtileg og mjög lærdómsrík. Hjálparveitin Dalbjörg er skipuleggjendum mjög þakklát fyrir metnaðinn sem lagður var í æfinguna

þar sem gríðarlega mikilvægt er að geta æft viðbrögð alvarlegra slysa á eins raunverulegan hátt og mögulegt er.

Ólafur Ingi Sigurðsson



Anna Hlín ásamt öðrum björgunaraðila aðstoða fórnarlamb flugslyss. Mynd: Skapti Hallgrímsson.



Matur & Mörk ehf.

Frotagata 3c • 603 Akureyri • Sími: 462 7273

Bjarney Guðbjörnsdóttir



Hvað tekur þú helst með þér í nesti í útköll?

Harðfisk og harðsoðin egg meðal annars. Jú og súkkulaði auðvitað.

Hvað hefur þú farið í mörg útköll?

Ætli það séu ekki í kringum 10.

Hver er duglegastur í hjálparsveitinni?

Það eru allir voða duglegir en ætli stjórnin sé ekki framarlega í þeim flokki.

Hver hafa verið okkar stærstu/eftirminnlegustu útköll í sveitinni?

Sko ætli mín eftirminnlegustu séu ekki leitin að rjúpnaskyttunni við Einarsstaði á Héraði í nóvember 2016 og leit að konu við Sólheimasand í júní 2014.

Þrír hlutir sem er nauðsynlegt að hafa með í útkall?

Hlý föt, ljós og nesti.

Af hverju ert þú í hjálparsveit?

Ég hafði alltaf mikinn áhuga sem barn, allir fullorðnir í þessu í kringum mann, mamma og fleiri og maður ólst aðeins upp í þessu starfi. Maður leit upp til þessa fólks.

Hvaða þrjá aðila í hjálparsveitinni tækir þú með þér á eyðieyju og af hverju?

Úff erfið spurning, sennilega Fanneyju, Írisi Björk og Bubba, við stelpurnar gætu haft það notalegt á ströndinni meðan Bubbi myndi smíða hús fyrir okkur öll (hann er góður í því) og sjá okkur fyrir ágætis lífsgæðum.

Hverju hefur þú mestan áhuga á innan hjálparsveitarinnar?

Á árum áður hafði ég mikinn áhuga á unglingastarfinu og sá um það í býsna tíma. En nú finnst mér flugeldarnir áhugaverðastir.

Hvað færðu þér í bragðaref?

2x jarðaber og toblerone, killer blanda!



Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt komandi ár!



Kristján Hermann (Bubbi)



Hvað tekur þú helst með þér í nesti í útköll?

Lifrarpylsu og kókómjólk.

Hver er staðalbúnaður björgunarsveitarmanns?

Nesti og réttur klæðnaður.

Hversu mörg útköll hefur þú farið í?

Undir 100.

Hver er duglegastur í hjálparsveitinni?

Dalbörg 1 hefur farið flest útköll og er alltaf til staðar.

Hver hafa verið okkar stærstu/eftirminnilegustu útköll?

Sleðaslysið við Garðsárdal 2004 og desemberveðrið 2019.

Hvers vegna ert þú í hjálparsveit?

Af því að það er gaman, hefur tilgang og góður félagsskapur.

Hvaða þrjá aðila í björgunarsveitinni tækir þú með þér á eyðieyju?

Þá þrjá sem vilja koma með.

Hvað færð þú þér í bragðaref?

Jarðarber, sterka mola, daim.

Bjarki Jóhannsson



Hvað tekur þú helst með þér í nesti í útköll?

Ég á alltaf nesti fyrir útköll í frystikistunni, súkkulaðistykki, nokkrar sneiðar af hamborgarhrygg og smurðar samlokur með hamborgarhrygg. Og svo gríp ég alltaf eitthvað sem er til heima sem þarf ekki að bíða eftir að verði þýtt t.d. kex og Hleðslu og svo náttúrulega vatn.

Hver er staðalbúnaður björgunarsveitarmanns?

Öryggisbúnaður eftir aðstæðum, hlý og góð föt, föt til skiptanna, góðir skór, ljós og bakpoki.

Hvað hefur þú farið í mörg útköll?

Úff ekki hugmynd það er einhver slatti, ef ég á minnsta mögulega séns á að mæta í útkall þá geri ég það.

Hver er duglegastur í hjálparsveitinni?

Ætli Bubbi verði ekki að fá þann heiður.

Hver hafa verið okkar stærstu/eftirminnilegustu útköll í sveitinni?

Ætli það sé ekki fræga desemberveðrið 2019 í heild sinni.

Þrír hlutir sem er nauðsynlegt að hafa með í útkall?

Góða skapið, nesti og traustan félaga. Búnaðurinn fer svo eftir eðli útkallsins.

Af hverju ert þú í hjálparsveit og hvað finnst þér skemmtilegast?

Ég hef brennandi áhuga á útivist og ferðamennsku þannig það var aldrei spurning að fara í björgunarsveit svo er þetta svo

góður félagsskapur. Að geta hjálpað öðrum og miðlað reynslu og þekkingu er náttúrulega frábært. Æfingaferðirnar eru alltaf skemmtilegastar en svo er nú nánast allt skemmtilegt í góðum félagsskap.

Hvaða þrjá aðila í hjálparsveitinni tækir þú með þér á eyðieyju og af hverju?

Ég hef ekkert á eyðieyju að gera.

Hvað færðu þér í bragðaref?

Jarðarber, þrist og mars.

Hreiðar Fannar Víðisson



Hvað tekur þú helst með þér í nesti í útköll?

Kjöt, samlokur, jógúrt og að sjálfsögðu smá nammi :)

Hver er duglegastur í björgunarsveitinni?

Ég er rosalega ánægður með nýliðana sem eru að bæstast við en ætli Bubbi geri ekki mest fyrir björgunarsveitina.

Hver hafa verið okkar stærstu/eftirminnlegustu útköll í sveitinni?

Ætli óveðrið í desember 2019 sé ekki svona það sem kemur fyrst upp í hugann.

Þrír hlutir sem er nauðsynlegt að hafa með í útkall?

Klæðnað við hæfi, ljós og að sjálfsögðu Dalbjörg 2.

Af hverju ert þú í hjálparsveit og hvað finnst þér skemmtilegast?

Hef gaman af útivist og jeppamennsku og öllu brasinu sem fylgir tækjunum. Félagsskapurinn sem fylgir sveitinni er alltaf stór plús.

Hvaða þrjá aðila í björgunarsveitinni tækir þú með þér á eyðieyju?

Bjarka, Elmar og Bubba K.

Hvað færðu þér í bragðaref?

Jarðarber, sterka mola og hlaup.

Elmar Sigurgeirsson



Hvað tekur þú helst með þér í nesti í útköll?

Samlokur og sviðasultu.

Hvað hefur þú farið í mörg útköll?

Mörg – ekki með tölu á þeim.

Hver er duglegastur í björgunarsveitinni?

Kristján formaður.

Hver er þín helsta fyrirmynd?

Hlynur á Akri.

Hver hafa verið okkar stærstu/eftirminnlegustu útköll í sveitinni?

Slysið á Garðsárdal 2004 og skriðurnar í Grænuhlíð 2006.

Hvaða þrjá hluti er nauðsynlegt að hafa með í útkall?

Húfu, vettlinga og góðan jakka.

Af hverju ert þú í hjálparsveit?

Til að leggja mitt af mörkum til samfélagsins.

Hvaða þrjá aðila í hjálparsveitinni tækir þú með þér á eyðieyju?

Kristján formann, Hlyn á Akri og Hreiðar.

Hverju hefur þú mestan áhuga á innan hjálparsveitarinnar?

Jeppum og fjallamennsku.

Hvað færðu þér í bragðaref?

Jarðarber, Tromp og hlaupkúlur.

Tökum vel á móti nýjum meðlimum

Hjálparsveitin Dalbjörg tekur vel á móti nýju fólki í hjálparsveitina. Það eru almennir fundir fyrsta sunnudag hvers mánaðar í Dalborg og eru allir sem vilja skrá sig í sveitina velkomnir.

Einnig er hægt að hafa samband við Kristján H. Tryggvason (Bubba) í síma 865-0129.

Fyrir þá sem vilja kynna sér starfið betur mælum við með að skoða heimasíðuna okkar dalbjorg.is.



Ritstjórn

Í ritstjórn voru Erla Katrín Orradóttir og Anna Hlín Guðmundsdóttir.



Prófarkalestur:

Freydís Erna Guðmundsdóttir og Helga Berglind Hreinsdóttir.


Prentun og uppsetning: Héraðsprent, Egilsstöðum.

Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðiríkrar jólahátíðar og farsældar á nýju ári.

Þökkum góð samskipti á árinu sem er að líða.

Starfsfólk Norðurlorku





*Gledileg jól og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.*

FINNUR EHF
VERKTAKAR - VÉLALEIGA